



Árnesi, 14. apríl 2026

Mál númer: M202604-0025


Skrifstofa Alþingis - nefndarsvið
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun (vindorka og verndarflokkur), þskj. 955 — 565- mál


Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þakkar fyrir tækifærið að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum vegna fyrirhugaðs frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun (vindorka og verndarflokkur).

Með lögum nr. 48/2011 var skipulagsvald orkumannvirkja tekið af sveitarfélögunum og má færa rök fyrir því að það hafi verið nauðsynlegt með þjóðarhagsmuni að leiðarljósi þar sem vatnsaflsvirkjanir og jarðvarmavirkjanir eru staðbundnir virkjanakostir.

Hvað vindorku varðar ríkja önnur sjónarmið. Vindorkuver er ekki staðbundinn virkjanakostur heldur er hægt að setja niður vindorkuver hvar sem er, svo framalega sem vindurinn blæs. Eins og allir Íslendingar vita, þá blæs vindurinn alstaðar á Íslandi. Þó er það ekki svo að vindur sé bara vindur, heldur geta vindskilyrði fyrir vindorkuver verið bæði góð og slæm. Á vefsíðunni <https://globalwindatlas.info/en/> má sjá gagnvirk kort af vindskilyrðum í heiminum. Þar má sjá með óbyggjandi hætti að staðsetning vindorkuvera er að góð á öllum stöðum á landinu ef því er að skipta. Á mynd 1 sem tekinn er úr gagnvirka líkaninu er það dökki liturinn sem sýnir bestu vindskilyrðin fyrir vindorkuframleiðslu Íslandi. Á mynd 2 má svo sjá sama gagnvirka kort af Evrópu. Þar kemur mjög skýrt fram að skilyrði til orkuframleiðslu með vindorkuverum á meginlandi Evrópu eru mun verri heldur en á Íslandi. Þrátt fyrir það hefur verið byggð upp gríðarlega mikil vindorkuframleiðsla á meginlandi Evrópu.



Mynd 1- Dökkin liturinn sýnir hvar bestu vindskilyrði eru til að framleiða orku með vindorkuveri. Myndin sýnir að um 70% af Íslandi hefur bestu möguleg skilyrði til vindorkuframleiðslu.



Mynd 2 - Hér má sjá skilyrði til vindorkuframleiðslu í Evrópu, en skilyrði til vindorkuframleiðslu á meginlandi Evrópu eru mun lakari en á Íslandi. Þrátt fyrir það hefur verið byggt gríðarlega mikið af vindorkuverum á meginlandinu.

Síðustu ár hafa verið settir fram tugir mögulegra vindorkuvera á Íslandi. Verkefnin eru í mörgum tilfellum sett fram án samráðs við íbúana í nærsamfélaginu og hafa orsakað miklar deilur í samfélögunum á áhrifasvæði viðkomandi vindorkuvera. Fjöldmargir íbúar sem verða fyrir beinum áhrifum mögulegra vindorkuvera hafa þurft að grípa til varnar til að verja sig gagnvart þessum hugmyndum. Að mati sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps er ekki hægt að bjóða íbúum upp á slíkt fyrirkomulag, þar sem utanaðkomandi aðilar geta í krafti fjárhagslega hagsmuna haft áhrif á mögulega uppbyggingu vindorkuvera gegn vilja íbúanna sem búa á áhrifasvæðinu.

Skipulagsvaldið er einn af hornsteinum sjálfstjórnarréttar sveitarfélaga og ber að virða. **Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps mótmælir harðlega fyrirhuguðum áformum um að vindorkuver í orkunýtingarflokki Rammaáætlunar verði bindandi við gerð skipulagsáætlana.** Að mati sveitarstjórnar ætti það að vera forsenda þess að vindorkuver verði tekið til umfjöllunar í Rammaáætlun að fyrir liggji vilji íbúa á áhrifasvæðinu ásamt jákvæðri umsögn sveitarstjórnar um verkefnið, en þannig getum við tryggt að vindorkuver verði byggt í sátt við nærsamfélagið og komið í veg fyrir erfiðar deilur vegna verkefna sem mögulega verða aldrei að veruleika. Einnig myndi slíkt fyrirkomulag fækka verulega verkefnum sem Rammaáætlun þarf að fjalla um.

Ef Alþingi ákveður að taka skipulagsvaldið af sveitarfélögunum eins og kemur fram í framlögðu frumvarpi, þá skorar sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps á Alþingi að samhliða afgreiða vindorkuver í orkunýtingarflokk innan vaxtarmarka höfuðborgarsvæðisins, þar sem mest af orkunni er



notuð, og þannig taka umræðuna við íbúa höfuðborgarsvæðisins um að búa í nærumhverfi vindorkuvers. Ljóst er að slík umræða yrði erfið.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps tekur undir umsögn Samtaka orkusveitarfélaga sem fjallar nánar um mikilvægi þess að virða skipulagsvald sveitarfélaga.

Að lokum vill sveitarstjórn ítreka mikilvægi þess að Innviðaráðherra leggi fram á núverandi löggjafarþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 (fasteignamat orkumannvirkja), sem samkvæmt endurskoðaðri þingmálaskrá átti að mæla fyrir þann 20. mars síðastliðinn. **Frumvarpið er forsenda þess að vindorkuver skili efnahagslegum ávinningi til nærsamfélagsins. Að mati sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps eru engar forsendur fyrir því að fjalla um uppbyggingu vindorkuvera fyrr en búið er að tryggja efnahagslegan ávinning til nærsamfélagsins.**

Ég myndi vilja óska eftir að fá að koma fyrir Umhverfis- og samgöngunefnd til að fylgja þessari umsögn eftir.

Fyrir hönd sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Haraldur Þór Jónsson, oddviti